

Fundargerð Gammadeildar, 9. september 2008

Mæting Kl. 16:30

20 Gammakonur mættu:

Árný, Björg, Elín, Gerður, Guðný, Helga, Hrefna, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Bjarna, Kristín Jóns skrifstofustjóri, Krístrún, Pálína, Ragnhildur, Rannveig, Stefnanía, Svana, Vilborg og Þórunn

Mæting var á Sjóminjasafnið að Grandagarði 8, Reykjavík kl. 16.:30, þar sem tekið var á móti hópnum og honum veitt leiðsögn um safnið. Safnið fannst mörgum áhugavert og töluvert margar ekki sótt það heim áður. Margt rifjaðist upp úr reynslubanka hópsins þegar litið var yfir hina fjölmörgu muni sem minntu á gamla tíma til sjós og lands.

Að lokinni skoðunarferð var gengið yfir götuna að veitingastaðnum Sjávarbarinn, þar sem í boði var fiskisúpa og brauð, kaffi og eftirréttur. Gerður var góður rómur að veitingunum.

Nýi formaður Gammadeildar Björg Eiríksdóttir setti fund og stjórnaði honum af röggssamri festu. Það var augljóst og auðfundið hversu mikilvægar þessar samkomur eru öllum hópnum. Velliðan lág í loftinum og smitaðist um salinn.

Fundargerð síðasta fundar sem haldinn var í Bláfjöllum og rituð af Björg las Jóhanna Einarsdóttir þar var rifjuð upp ágætis samverustund í upphafi sumars. Engin athugasemd var gerð við fundargerðina.

Orð til umhugsunar flutti Guðný Helgadóttir. Hún gerði að umtalsefni þátttöku sína og 7 annarra DKG kvenna frá Íslandi á alþjóðþingi DKG síðastliðið sumar. Samtökin eru með 115.000 félaga í 16 löndum, þar af eru 113.000 í Bandaríkjunum og nálægt 300 hér á landi. Guðný velti þeirri spurningu hvort við finnum nægilega fyrir því að vera hluti af þessari heild, við vitum að sumt er svolítið "amerískt" en á alþjóðþinginu voru frábærir fyrirlesar, ógrynni af málstofum og margt lærdómsríkt. Guðný hefur samanburð við setu á alþjóðþingum UNESCO og samanburðurinn var hann alþjóðþingi DKG frekar í hag, hún varð alls ekki fyrir vonbrigðum. Guðný sagði það gefa góða tilfinningu að DKG á Íslandi væri hluti af alþjóðlegri heild, sem við ættum kannski að nýta okkur enn betur en nú. Þátttaka opnar glugga út í heim.

Evrópuþingið verður haldið í Ósló í ágúst á næsta ári og hvatti Guðný Gammakonur til að fjölmenna þangað, það væri bæði skemmtilegt og fróðlegt að taka þátt í svona með félagskonum annarra deilda á Íslandi um leið og kynnst er systurum okkar meðal nágrannaþjóða. Í lokin vakti Guðný athygli á vörfundum DKG á Íslandi á næsta ári sem haldinn verður á Austurlandi. Sjálfsagt að fjölmenna þangað.

Nokkrar umræður urðu í lok fundarins um innlegg Guðný og fleira. Fram kom ánægja í hópnum að vetrarstarfið væri hafið. Fundi slitið um kl. 19:30

Fundarritari
Helga G. Halldórsdóttir